

Sigurði Jónassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 18. aprilmánaðar.

Nr. 41/1897:

Guðfinna Sæmundsdóttir
 gegn
 Kristjáni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði af áfrýjanda Guðfinnu Sæmundsdóttur gegn stefndum yfirrjettarassessor Kristjáni Jónssyni í Reykjavík til greiðslu á arfi að upphæð 94 kr. 89²/₅ e., er hún telur sjer glataðar fyrir vangæzlu stefnda sem yfirtjárráðanda í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Málið var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 29. apríl f. á þannig, að stefndur Kristján Jónsson var sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn, sem hefur verið veitt gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaður talsmaður, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. okt. f. á., og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer umgetna arfsupphæð, 94 kr. 89²/₅ e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af

hálfu stefnds hefur þess aptur á móti verið kraf-
izt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og á-
frýjandi dæmdur til að greiða stefndum hæfilegan
málskostnað.

Málavextir eru þessir: Haustið 1879 skipti
yfirjettarassessor Kristján Jónsson sem þáverandi
sýslumaður í Gullbringu, og Kjósarsýslu dánarbúi
Guðfinnu Jónsdóttur frá Íratelli milli eptirlifandi
manns hennar Sæmundar Jónssonar á Írafelli og
sameiginlegra barna þeirra. Meðal erfingjanna
var áfrýjandinn Guðfinna Sæmundsdóttir, er þá
var ómyndug, og fjekk hún í arf við skiptin ept-
ir móður sína 94 kr. 89²/₅ e. Arfur þessi var lát-
inn standa inni í búi Sæmundar föður hennar
gegn veldi í því, og má álita sannað að hún hafi
eigi veitt arfafje þessu móttöku, eptir að hún varð
fullvedja nje gefið kvittun fyrir því. Telur áfrýj-
andi sjer nú tapað fje þetta hjá föður hennar, með
því að hann sje orðinn öreigi, og krefst skaðabóta
af Kristjáni assessor Jónssyni, með því að arfur-
inn hafi glatazt fyrir þá sök, að hann sem hlut-
aðeigandi skiptaráðandi og yfirfjárráðandi hafi eigi
samkvæmt embættisskyldu sinni skipað sjer fjár-
haldsmann nje gjört fjárhaldssamning fyrir sína
hönd, er henni hlotnaðist arfur þessi, eigi þingles-
ið útdrátt úr skiptagjörningnum arfinum til trygg-
ingar, og eigi látið gjöra sjer nein skil fyrir hon-
um, er hún varð hálfmyndug. Aptur á móti hef-
ur því verið haldið fram af hálfu stefnds, að á-
frýjandi eigi ekki aðgang að sjer um skaðabætur,
með því að það sje fyrst og fremst eigi sannað,
að tjeður Sæmundur sje eigi borgunarmaður fyrir

hinni umræddu fjárupphæð, enda eigi áfrýjandinn í þessu máli að snúa sjer til Sæmundar sem skuldunauts og fjárhaldsmanns, og síðan til núveranda yfirfjárráðanda í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hvað vanrækslu á þinglestri skiptagjörningsins snertir, þá heldur stefndur því fram, að það hafi eigi verið sitt að annast um þinglesturinn, heldur fjárhaldsmanns, enda hefði þinglestur eigi getað tryggt bú Sæmundar gegn því atviki, er áfrýjandi muni telja orsök þess, að arfurinn sje eigi lengur fáanlegur. Loks hefur stefndur tekið það fram, að það hafi eigi átt að skipa áfrýjanda fjárhaldsmann, með því að faðir hennar hafi verið sjálfsagður fjárhaldsmaður hennar eptir lögnum, og að um fjárhaldssamning um svo litla arfsupphæð hefði eigi verið að tala.

Samkvæmt D. L. 3—17—32 og tilsk. 18. febr. 1847 verður skadabótakrafa eigi gjörð á hendur yfirfjárráðanda fyrir ómyndugra tje, nema skuldunautur og fjárhaldsmaður sje fjárþrota. Verður því að rannsaka það fyrst, hvort sönnun sje fram komin í þessu máli um það, að optnefndur Sæmundur, sem bæði var aðalskuldunautur og fjárhaldsmaður áfrýjanda að lögum, sje nú svo þrotinn að tje, að þýðingarlaust sje að krefjast arfsins af honum. Það virðist nú mega telja það sannað, að mikill hluti eða jafnvel mestur hluti af búi Sæmundar hafi verið seldur af hreppstjóranum í Kjósarhreppi í júní 1895, eptir því sem virðist með amþykki Sæmundar, upp í skuldir. Svo hefur og verið fram lagt fyrir yfirdóminum brjef

sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til
 amtmanns, dags. 5. júlí f. á., þar sem hann lætur
 uppi það álit, byggt á viðtali hans við Sæmund,
 »að Sæmundur sje öreigi og vinni að eins fyrir
 fötum og fæði, svo að af honum sje ekkert að
 hafa«, og vottorð hlutaðeigandi sóknarprests, dags.
 13. nóvbr. s. á., um að Sæmundur sje »snaudur
 maður«, eptir því sem prestinum sje frekast kunn-
 ugt, og annað vottorð frá sama, dags. 7. jan. þ.
 á., um að Sæmundur sje »svo fátækur, að hann,
 eptir minni (prestsins) vitund getur ekki borgað
 innistandandi arf barna sinna«.

Með þessu virðist þó eigi, gegn mótmælum
 stefnds, framkomin lögleg sönnun fyrir því, að
 Sæmundur sje svo þrotinn að fje, að hann eigi
 geti leyst út hið umrædda erfðafje áfrýjanda, og
 virðist því eiga, eins og undirrettardómarinn hef-
 ur gjört, að sýkna stefndan af kröfum áfrýjanda í
 þessu máli, og með því að yfirdómurinn fellst
 einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber
 að staðfesta hinn áfrýjanda dóm í heild sinni.
 Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns
 áfrýjanda hefur verið lögleg, en eptir úrslitum
 málsins verða honum eigi dæmd nein málsfærslu-
 laun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á að vera
 óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fell-
 ur niður.